

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð og stöður bifreiða á Akureyri:

1. Umferð um Akurgerði skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Kotárgerði, Stekkjargerði og Hamragerði.
2. Umferð um Langholt skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Þverholt og Miðholt.
3. Umferð um Einholt skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Langholt.
4. Umferð um Þverholt skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Einholt.
Í öllum framangreindum tilvikum er um biðskyldu að ræða.
5. Fellt er niður bann við bifreiðastöðum við suðurbrún Tryggvabrautar frá norðausturhorni húss nr. 24 og 90 metra í vestur.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Bæjarfógetinn á Akureyri, 27. júlí 1987.

Elías I. Elíasson.